

Um breytingar á áður auglýstri próftöflu – sent 16.apríl

Vegna reglugerðar heilbrigðisráðherra um samkomutakmarkanir, sem kveður á um 50 manna hámarksfjölda í hverju rými í framhaldsskólum til og með 5. maí, hefur verið ákveðið að endurskoða próftöflu vorannar með það fyrir augum að fækka nemendum í húsi hverju sinni.

Nokkrum prófum sem áttu að vera kl. 9 hefur verið frestað til kl. 11 eða 13, og einstaka prófum sem áttu að vera kl. 11 hefur verið frestað til kl. 13. Próftímar í Innu hafa verið uppfærðir og ný próftafla birt á heimasíðu skólans, sjá hér: <https://www.mh.is/is/namid/prof/proftafla>.

Nemendur sem voru í tveimur prófum á sama tíma en eru það ekki lengur hafa eftir sem áður rétt á því að sækja um að fresta öðru prófinu. Nemendur geta sótt um breytingu á próftöflu hér: <https://www.mh.is/is/namid/prof/breytingar-a-proftoflu>, eða haft samband við Guðmund Arnlaugsson, prófstjóra (profstjori@mh.is), og óskað eftir breytingu. Nemendur eru beðnir um að tilgreina það próf sem þeir vilja fresta en prófstjóri áskilur sér þann rétt að fresta frekar fjölmennara prófi ef tveir mjög misstórir áfangar rekast á. **Vinsamlegast sækið um fyrir miðvikudaginn 28. apríl.** . Þær undanþágur sem hafa þegar verið veitta gilda enn.

Guðmundur Arnlaugsson, prófstjóri.